

Bæjarstjórn - 1943

FUNDARBOÐ

**1943. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, þriðjudaginn 3.
desember 2024 og hefst kl. 14:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2403402 - Reglur um notendasamninga

8.liður úr fundargerð fjölskylduráðs frá 26.nóvember sl.
Reglur um notendasamninga lagðar fram til afgreiðslu. Ásta Guðrún
Guðbrandsdóttir, deildarstjóri, mætir til fundar undir þessum lið.

Fjölskylduráð þakkar Ástu Guðrúnu Guðbrandsdóttur, deildarstjóra fyrir
kynninguna.
Fjölskylduráð samþykkir reglur um notendasamninga og vísar þeim til frekari
staðfestingar í bæjarstjórn.

2. 1709448 - Þjónustu- og rekstrarsamningur við Brettafélag Hafnarfjarðar

3.liður úr fundargerð fræðsluráðs frá 27.nóvember sl.
Nýr rekstrarsamningur við Brettafélag Hafnarfjarðar lagður fram til samþykktar

Fræðsluráð samþykkir og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn

**3. 2308876 - Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans
2024 og 2025-2027**

4.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 28.nóvember sl.
2. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 3.október sl.
Lögð til endurskoðun á gjaldskrá vegna umhverfisvottaðra bygginga. Helga
Benediktsdóttir sviðsstjóri fjármálasviðs mætir til fundarins.

Bæjarráð samþykkir að gjaldskrá vegna umhverfisvottaðra bygginga verði
endurskoðuð. Á meðan á endurskoðun fer fram verði ákvæði vegna
umhverfisvottaðra bygginga tekið úr gjaldskrá.
Sviðsstjórum stjórnsýslu- og fjármálasviðs falið að vinna málið áfram í samræmi
við umræður fundarins.

Bæjarráð samþykkir uppfærða gjaldskrá um lóðarverð og gatnagerðagjald og
vísar í bæjarstjórn til staðfestingar.

4. 2411404 - Kaplahraun 24, umsókn um lóð

10.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 28.nóvember sl.
HS Veitur sækja um lóðina nr. 24 við Kaplahraun.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóð nr. 24 við Kaplahraun til HS Veitna. Vísað í bæjarstjórn til staðfestingar.

5. 2411592 - Virkisás 6, umsókn um lóð

17.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 28.nóvember sl.
Lögð fram umsókn Gísla Á. Guðmundssonar um lóðina nr. 6 við Virkisás.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóð nr. 6 við Virkisás til Gísla Á. Guðmundssonar. Vísað í bæjarstjórn til staðfestingar.

6. 2411470 - Virkisás 11, umsókn um lóð

18.liður úr fundargerð bæjarstjórnar frá 28.nóvember sl.
Lögð fram umsókn Björns Inga Franz Halldórssonar um lóðina nr. 11 við Virkisás. Til bara er sótt um lóðina nr. 9 Virkisás.

Alls bárust tvær umsóknir um lóðina og dró fulltrúi sýslumanns úr umsóknum. Dregin var út umsókn Björns Inga Franz Halldórssonar. Bæjarráð samþykkir úthlutunina og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

7. 2411586 - Virkisás 11, umsókn um lóð

19.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 28.nóvember sl.
Lögð fram umsókn Ívars Más Markússonar um lóðina nr. 11 við Virkisás. Til bara er sótt um lóðina nr. 9 Virkisás.

Alls bárust tvær umsóknir um lóðina Virkisás 11 og dró fulltrúi sýslumanns úr umsóknum. Dregin var út umsókn Björns Inga Franz Halldórssonar. Bæjarráð samþykkir því að úthluta lóðinni Virkisás 9 til Ívars Más Markússonar sem sótti um lóðina til vara.

Bæjarráð samþykkir úthlutunina og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

8. 2411531 - Straumhella 9, umsókn um lóð

24.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 28.nóvember sl.
Lögð fram umsókn SÁR ehf. um lóðina nr. 9 við Straumhelli.

Alls bárust sjö umsóknir um lóðina og dró fulltrúi sýslumanns úr umsóknum. Dregin var út umsókn SÁR ehf. Til vara er dregin út umsókn Keldugötu 2 ehf. Til þrautavara er dregin út Vorkx ehf.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni Straumhelli 9 til SÁR ehf. og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

9. 2402431 - Tjarnarvellir 1, breyting á deiliskipulagi

4.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 28.nóvember sl.
Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Tjarnarvalla 1. Tillagan gerir ráð fyrir allt að 6 hæðum á austurhluta lóðarinnar en allt að 5 hæðum á vesturhluta

lóðarinnar.

Skipulags- og byggingarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja að auglýsa framlagða tillögu að breytingu á deiliskipulagi.

10. 2411149 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, breyting AT1, Reykjavíkurvegur Fjarðarhraun

5.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 28.nóvember sl. Bæjarstjórn samþykkti 20. nóvember sl. að hafin yrði vinna við breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna breytinga á landnotkun AT1 við Hólshraun. Lögð fram skipulagslýsing.

Skipulags- og byggingarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja að leita umsagna við framlagða skipulagslýsingu.

11. 2407376 - Einhella 1, breyting á deiliskipulagi

6.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 28.nóvember sl. Á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 21. ágúst 2024 var samþykkt að grenndarkynna í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 umsókn eiganda við Einhelli 1 um breytingu á deiliskipulagi. Tillagan gerir ráð fyrir nýjum byggingarreit á lóðinni í suðvestur hluta lóðar. Byggingarreiturinn verður u.þ.b. 900 fm þar sem möguleiki er á byggingu á tveimur hæðum. Efri hæð mun ganga yfir hluta neðri hæðar til hliðanna og þar verður möguleiki á bílastæðum og vöruhúðum til affermingar o.fl. Athugasemd barst. Lagt fram svar við athugasemd.

Skipulags- og byggingarráð tekur undir samantekt athugasemda og svör skipulagsdeildar og samþykkir breytt deiliskipulag Einhelli 1. Erindinu er vísað til staðfestingar í bæjarstjórn.

12. 2309612 - Ásland 4, deiliskipulag endurskoðun

7.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 28.nóvember sl. Lögð fram að nýju tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Ásland 4. áfanga. Breytingin gerir m.a. ráð fyrir að gatan Brunnás verði lögð samsíða Markarási. Gatan Byrgisás kemur neðan við og samsíða Brunnási. Lega Markaráss, áður Grófarás, verði aðlöguð landi auk þess sem hringtorg við Grófir færist til austurs. Keðjuhús og fjölbýli er felld niður sem og hús á bröttum og erfiðum lóðum, stígar og leiksvæði breytast. Húsgerðir breytast. Tillagan var áður í kynningu 13.6. - 26.7.2024.

Skipulags- og byggingarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja að auglýsa framlagða tillögu að breytingu á deiliskipulagi.

Fundargerðir

13. 2401143 - Fundargerðir 2024, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerð fjölskylduráðs frá 26.nóvember sl.
Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 28.nóvember sl.
Fundargerð bæjarráðs frá 28.nóvember sl.

- a. Fundargerðir hafnastjórnar frá 30.október og 13.nóvember sl.
- b. Fundargerð menningar- og ferðamálanefndar frá 6.nóvember sl.
- c. Fundargerðir stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga frá 15., 20. og 22.nóvember sl.
- d. Fundargerð 52. eigendafundar stjórnar Sorpu bs. frá 18. nóvember sl.
- e. Fundargerðir stjórnar SORPU bs. frá 30. sept., 2.og 18. október sl.
- f. Fundargerð stjórnar SSH frá 18.nóvember sl.
Fundargerð fræðsluráðs frá 27.nóvember sl.
Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 27.nóvember sl.
- a. Fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 27.september og 18. október sl.
Fundargerð forsetanefndar frá 29.nóvember sl.

29.11.2024

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri